



Reykjavík, 15. maí 2017

USK2017020083

Umhverfis- og skipulagsráð

Efni:

Fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. janúar 2017 var kynnt niðurstaða úr viðhorfsskönnun Gallup dags. í desember 2016 um notkun nagladekkja sem framkvæmd var dagana 15.-29. desember 2016. Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs Gísli Garðarsson, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bókuðu:

„Ítarlegar kannanir Eflu og Gallup sýna að bílum á nagladekkjum hefur fjölgað mikið á götum Reykjavíkur veturinn 2016/2017 miðað við fyrri ár, þrátt fyrir óvenju snjólétta tíð. Þetta er slæm þróun því sýnt hefur verið fram á að nagladekkin valda alvarlegri mengun við helstu umferðaræðar. Auk þess er beinn kostnaður sem hlýst af þessu sliti gatnanna talinn nema milli 150 til 300 milljónum króna. Þessi kostnaður leggst á alla borgarbúa, líka þá sem nota ekki nagladekk. Í ljósi þess að nýir bílaleigubílar eru nokkuð stór hluti í fjölgun bíla í umferðinni er líklegt að þeir eigi sinn þátt í stórauðinni nagladekkjanotkun. Kostnaðurinn sem af því hlýst leggst ekki á ferðamennina eða bílaleigurnar, heldur borgarbúa. Umhverfis og skipulagssviði er falið að koma með tillögur hvernig megi snúa þessari þróun við með aukinni fræðslu og hugsanlegu sérstöku gjaldi sem lagt yrði á notkun nagladekkja í takt við mengunarbótaregluna.“

Negldum hjólbörðum hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Hlutfall ökutækja í Reykjavík á negldum dekkjum var 46,6% þegar talið var í fjórðu viku ársins 2017 en 53,4% á önegldum. Árið 2016 var hlutfall ökutækja á negldum dekkjum 38,7%. Árið 2015 var það 34,9% og árið 2014 var hlutfallið 31,9%. Til samanburðar minnkaði hlutfall nagladekkja í Osló og Bergen úr 50% niður í 15%, þegar lagt var gjald á notkun nagladekkja í þeim borgum, eftir að heimild til þess var tekin upp í norskum umferðarlögum árið 1999.

Eins og segir í framangreindri bókun er sennilegt að bílaleigubílar eigi nokkurn þátt í aukinni nagladekkjanotkun þar sem þeim hefur fjölgað umtalsvert síðustu ár og eru flestir þeirra á nagladekkjum yfir vetrartímann. Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu voru skráðir bílaleigubílar 7.089 talsins árið 2010. Árið 2016 voru þeir um þrefalt fleiri, eða 21.229. Um helmingur nýskráðra bíla árið 2016 voru bílaleigubílar, samanborið við 9% árið 2005.

Vorið 2017 var settur saman lítill starfshópur á umhverfis- og skipulagssviði um notkun nagladekkja í Reykjavík. Verkefni hans var tvíþætt, annars vegar að skipuleggja fræðsluáttak



og hins vegar útbúa tillögu að lagaákvæði í umferðarlögum um heimild til gjaldtöku vegna notkunar nagladekkja.

Fyrri verkefnið er þegar komið af stað. Auglýsingastofan Hvíta húsið var fengin til að útbúa auglýsingaefni, t.d. veggspjöld, vefborða og útvarpsauglýsingar sem hafa það að markmiði að upplýsa íbúa um skaðsemi nagladekkja og fá þá til að velja umhverfisvæn dekk fram yfir nagladekk. Fyrsti áfanginn var í apríl, þegar fólk var minnt á að taka nagladekkin undan. Aðaláfangi fræðsluátaksins verður í haust; september og október.

Reykjavíkurborg hefur ekki heimild til að leggja gjald á notkun nagladekkja. Í frumvarpsdrögum til nýrra umferðarlaga er lagt til að sveitarstjórnnum verði heimilt að ákveða gjald vegna notkunar negldra hjólbarða. Endurskoðun umferðarlaga hefur verið á dagskrá Alþingis í nokkur ár en ekki náð fram að ganga. Því er hér lagt til að í nágildandi umferðarlög nr. 50/1987 verði sett lagaákvæði sem heimilar gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða. Reykjavíkurborg leggur til lagaákvæði þess efnis öðru sinni, en það var einnig gert í lok árs 2008.

Tillaga að lagaákvæði

Lagt er til að á eftir 60. gr. í VIII. kafla umferðalaga nr. 50/1987 (um ökutæki) bætist við ný grein er orðast svo:

Gjaldtaka af hjólbörðum með nöglum

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða gjald af notkun hjólbarða með nöglum á nánar tilteknum svæðum. Sveitarstjórn skal ákveða gjaldtöku að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið.

Með gjaldtöku er átt við gjald sem eigandi eða ökumaður ökutækis skal greiða fyrir heimild til að aka á hjólbörðum með nöglum þann tíma sem notkun þeirra er leyfð.

Í meðfylgjandi greinargerð er farið yfir helstu rök fyrir setningu heimildarákvæðis um gjaldtöku af notkun negldra hjólbarða. Greinargerðin er uppfærð frá árinu 2008.

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri
Þorsteinn R Hermannsson, samgöngustjóri